

Fiskeldi Austfjarða
Laxabraut 9
815 Þorlákshöfn

6. janúar 2026
UOS2501629/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 3. nóvember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Fiskeldi Austfjarða þann 24. september 2025. Þann 4. nóvember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram árið 2023. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 13. mars 2024. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 25. október 2024. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 13. mars 2024. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.

4. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 25. október 2024. Gerðar verða breytingar á mælingum þegar næstu mælingar eiga sér stað og verður niðurstaða metin. Áætlað er að mælingar fari fram um mánaðarmótin nóvember / desember.
5. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Við útrásir þar sem eldisvatn í fráveitu er veitt í viðtaka má ekki vera efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Töluvert af fóðri var í viðtaka sem kom frá frárennslinu. Rekstraraðili er búinn að taka nýja búnað í notkun til að hreinsa viðtakann, viðtakinn var hreinsaður strax eftir eftirlitið. Eftirlitsaðili fékk mynd senda af viðtaka 4. nóvember 2025. Úrbætur verða skoðaðar betur í næsta eftirliti.
6. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Sápubrúsar og sótthreinsibrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna. Eftirlitsaðili fékk mynd senda af lekavörn undir brúsunum 4. nóvember 2024, frávikinu er lokað.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson
lögfræðingur í teymi eftirlits